

1. marz 1972.

89

Nr. 42.

REGLUR

um menningarsjóð félagsheimila.

1. gr.

Menningarsjóður félagsheimila starfar samkvæmt ákvæðum í 2. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili, og er hlutverk hans að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum þeim, er í lögnum greinir.

2. gr.

Sjóðurinn skal stuðla að flutningi á leikhúsverkum, þ. e. leikritum, söngleikjum, blönduðum leikdagskrám og listdanssýningum, tónleikahaldi, bókmenntakynningu og annarri menningarstarfsemi, sem aðstaða er fyrir í félagsheimilum.

3. gr.

Heimilt er að greiða úr sjóðnum nauðsynlegan kostnað við undirbúning að flutningi dagskrárefnis. Sjóðurinn skal einnig að öðru jöfnu greiða ferða- og flutningskostnað til og milli félagsheimila, en laun til flytjenda og dvalarkostnað greiðir það félagsheimili, sem starfsemin fer fram í hverju sinni. Menntamálaráðuneytið getur heimilað frávík frá þessum greiðslureglum, ef sérstök ástæða þykir til.

4. gr.

Félagsheimili annast sjálft auglýsingar, sölu aðgöngumiða og annað er lýtur að framkvæmd dagskrárflutnings. Verði ágóði af aðgangseyri, þegar greiddur hefur verið kostnaðarhluti félagsheimilisins, skal hann renna í menningarsjóð viðkomandi félagsheimilis. Skal stjórn félagsheimilisins varðveita þann sjóð, og verður honum eingöngu varið til menningarstarfsemi í því félagsheimili. Hrökkvi tekjur af aðgangseyri ekki til greiðslu á kostnaðarhluta félagsheimilisins, er heimilt að greiða hallann að nokkru eða öllu úr menningarsjóði félagsheimila samkvæmt sérstakri umsókn, er studd sé fullnægjandi kostnaðarskilagrein.

5. gr.

Óskum og tillögum forráðamanna félagsheimila um dagskrár til flutnings með stuðningi menningarsjóðs félagsheimila skal beint til starfsmanns sjóðsins, sem ráðinn er af menntamálaráðuneytinu. Hann getur og af sinni hálfu leitað samráðs við félagsheimilin um flutning á dagskrárefni, er hann telur falla undir verksvið sjóðsins. Starfsmaðurinn gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um veiting fjárstuðnings úr sjóðnum og vinnur eftir þörfum að undirbúningi og skipulagningu verkefna, sem valin eru til flutnings.

6. gr.

Þegar verkefni hefur verið ákveðið til flutnings á vegum menningarsjóðs félagsheimila, skal gera skriflegan samning við flytjendur. Ef um leikritasýningar eða

B 12

skyldan flutning er að ræða, skal ráða leikstjóra, sem velur leikara og skipar hlutverkum. Menningarsjóðurinn stendur straum af kostnaði vegna láns á leikbúningum og öðrum búnaði, enda sé fyrirfram leitað samþykkis starfsmanns sjóðsins.

7. gr.

Eftir að flutningi dagskrár í félagsheimilum er lokið, skal þátttakendum heimilt að flytja efnið á eigin ábyrgð í Reykjavík og einnig í útvarp og/eða sjónvarp.

8. gr.

Starfsmaður menningarsjóðs félagsheimila annast fjárreiður sjóðsins og bókhald. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningar skulu lagðir fyrir menntamálaráðuneytið og endurskoðaðir af ríkisendurskoðun.

9. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 1. marz 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.